

JAFNRÉTTISNEFND NESKAUPSTAÐAR

Útskrift úr gjörðabók.

Ár 1979 þriðjudaginn 3. apríl 17. fundur haldinn af Jafnréttisnefnd Neskaupstaðar í 6. stofu Gagnfræðaskólans kl.20 .

Mættir voru: Guðmundur Sigurjónsson, Anna Björnsdóttir, Árni Þormósson, Stella Steinþórsdóttir, Ina Gísladóttir, Gerður G. Óskarsdóttir.

Tekið fyrir:

1. Dreifibréf nefndarinnar með niðurstöðum könnunar frá 1. maí 1976. Þau tvö bréfi sem komin eru út eru unnin af tveim nefndarmönnum ásamt aðstoðarfólki. Umræður um viðtökur og hvaða aðilum á að senda bréfin. Ákveðið að senda launþegasamtökum, kvennasögu-safni, Jafnréttisráði, landsbókasafni, Kvenréttindafélagi Íslands, dagblöðum og Rauðsokkahreyfingunni bréfin öll í einu lagi þegar þau þrjú sem eftir eru komin út. Jafnréttisnefndir fá bréfin nú með fundargerð.
2. Samstarf við Verkalýðsfélagið vegna dagskrár 1.maí. Rætt um efni. Þin hver úr nefndinni taki að sér að hafa samband við 1.maí-nefnd Verkalýðsfélagsins og stýra vinnuhópi. Árni Þormósson greindi frá því að næsta laugadag yrði 1.maí-nefnd Verkalýðsfélags Næð-fjarðar kosin, en taldi mjög líklegt að samstarfið við nefndina yrði vel tekið.

Ákveðið var að reyna að vinna efni upp úr 8.mars dagskrá sem flutt var á alþjóðlegum baráttudegi verkakvenna í Reykjavík 1978 með staðferingum. Ina Gísladóttir, Stella Steinþórsdóttir og Anna Björnsdóttir tóku að sér að mynda starfshóp til að vinna að þessu.

3. Hlutur jafnréttisnefndar í samstarfshóp um barnamálið sem myndaður var að frumkvæði barnaverndarnefndar. Hópurinn skipa fulltrúar frá foreldrafélaginu, barnaverndarnefnd, jafnréttisnefnd, tómstundaráði, nemendaráði, dagheimilinu, menningarnefnd og bókasafnsnefnd. Hópurinn hefur komið nokkrum sinnum saman.

Hugmynd jafnréttisnefndar frá fundi 28.okt. s.l. um samstarf við foreldrafélagið um foreldrafræðslu hefur verið tekin upp í samstarfshópnum. Í undirbúningi er að Sigrún Júlíusdóttir félagsráðgjafi haldi stutt námskeið dagana 27. og 28. apríl n.k.

Fyrir nokkru var fundur um barnabókmenntir á vegum samstarfs-hópsins. Silja Aðalsteinsdóttir bókmenntafræðingur flutti þar erindi.

Fleira þakki tekið fyrir. Fundi slitið.

Ina Gísladóttir                      Guðmundur H. Sigurjónsson                      Anna Björnsdóttir  
(sign.)    (sign.)    (sign.)

Stella Steinþórsdóttir                      Árni Þormósson                      Gerður G. Óskarsdóttir  
(sign.)    (sign.)    (sign.)